

**Kúrdar þarfnast hjálpar þinnar**



Giróseðlar liggja frammi í bönkum og sparisjóðum



**HJÁLPARSTOFNUN KIRKJUNNAR**

**fólk í fréttum**



Morgunblaðið

Metsöhublað á hverjum degi!

LIST


## Teikningum Lençons þrykkt á boli

Lista- og tónlistamaðurinn Joko Ono sem stóð er hér á landi vegna sýningar sinnar á Kjarvalsstöðum, var nýlega í New York í tilefni af því að á Hard Rock Kaffi þar í borg voru teknar til sýningar teikningar eftir John Lennon, bítilinn fræga sem var eiginmaður Ono.

„Hann var mjög listhneigður og áður en að hann féll fyrir rokkinu og helgaði því krafta sína, var hann um tíma nemi í lista- og handíða-

skóla,“ er haft eftir Joko Ono. Nú geta allir eignast hluta af myndlist Lençons, því í Hard Rock kaffihúsum um víða veröld verða teikningar seldar áþrykktar á boli þannig að menn munu bera listina á klæðum sínum.

Ekki er þetta gert í gróðaskini, heldur til þess að standa undir sjóð sem Lennon stofnaði á sínum tíma og stuðlar að aukinni alhliða vísunni og menntun. „Menntun varðar okkur öll, hver einasta króna sem safnast í sjóðinn er því mikilvæg,“ segir Joko Ono í samtali við tímarit í Bandaríkjunum.



Joko Ono á Hard Rock Kaffi í New York og nokkur sýnishorn verka Lençons.

### AUGLÝSING UM INNLAUSNARVERÐ VERÐTRYGGÐRA SPARISKÍRTEINA RÍKISSJÓÐS



FLOKKUR	INNLAUSNARTÍMABIL	INNLAUSNARVERÐ *) Á KR. 10.000,00
1983-2.fl.	01.05.91-01.11.91	kr. 50.769,42
1984-3.fl.	12.05.91-12.11.91	kr. 53.974,66

\*)Innlausnarverð er höfuðstóll, vextir, vaxtavextir og verðbót.

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram í afgreiðslu Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, og liggja þar jafnframt frammi nánari upplýsingar um skírteinin.

Reykjavík, apríl 1991.

**SEÐLABANKI ÍSLANDS**



Frank Sinatra og Rufus á góðri stund.

## EINGÖNGU VANDAÐIR VARAHLUTIR Í BÍLA OG TÆKI

Reynslan hefur sýnt að aðeins vönduðustu varahlutir tryggja viðunandi rekstraröryggi véla og farartækja.

Hjá okkur sitja gæðin í fyrirrumi.





**FAG** Kúlu- og rúllulegur

**TIMKEN** Keilulegur

**SKF** Áspétti

**Continental** Viftu- og tímareimar

**precision** Hjöruliðir

**SACHS** Höggdeyfar og kúplingar

**Pyramo fix** Bón- og bílasnyrtivörur




**PEKking REYNSLA ÞJÓNUSTA**

**FÁLKINN®**

SUDURLANDSBRAUT 8 SÍMI 84670

SORG

## Sinatra syrgir hund sinn

Söngvarinn heimskunni Frank Sinatra er miður sá þessa daganna, eða síðan að einn af fimm Spaniel-hundum hans var keyrður niður fyrir utan heimili hans í Nevada. Sinatra hefur heitið hverjum þeim stórfé sem bent geti á ökufantinn, en til þessa hefur enginn gefið sig fram.

Það mun hafa sviðið Sinatra meir en ella, að hann kom sjálfur að hundinum, eða Rufus, eins og hann hét, í andaslitrunum í vegakantinum. Dó hundurinn í fangi eiganda síns. Rufus var 13 ára gamall, jólagjöf frá konu hans á sínum tíma. Sinatra er mikill dýravinur, því auk hundanna á hann nokkra ketti og einn páfagauk.